

**Sp.**

**201. Nefndarálit**

**[54. mál]**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1979.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Eins og fram kemur í grg. fjárlagafrv. er eitt meginmarkmið ríkisstjórnarflokkanna við afgreiðslu fjárlaga að tryggja hallalausán rekstur ríkissjóðs á tímabilinu frá því að núv. ríkisstjórn tók við völdum og til loka næsta árs, jafnframt því að hafin verði greiðsla þeirrar stórfelldu skuldar, sem ríkissjóður hefur safnað hjá Seðlabankanum á síðustu árum.

Meiri hl. fjvn. hefur miðað tillögur sínar um afgreiðslu frv. við að þessi markmið náist. Staðan í ríkisfjármálum, þar á meðal 25 milljarða kr. skuld við Seðlabankann, veldur því að draga verður úr fjárveitingum til verklegra fram-

kvæmda frá nógildandi fjárlögum svo sem nemur 12% að raungildi. Eru tillögur meiri hl. fjvn. við þetta fjárfestingarmark miðaðar og fela í sér 2 000 millj. kr. hækkun á framlögum til verklegra framkvæmda frá fjárlagafrv., þar sem gert var ráð fyrir 16% lækkun á raungildi framkvæmdafjár. Samhliða hefur verið staðið gegn útfærslu í rekstri eftir því sem frekast er unnt.

Á þeim tíma, sem fjvn. hefur haft til að afgreiða fjárlagafrv., hefur ekki verið ráðrúm til að kanna sem þyrfti ýmsa þætti í rekstri ríkisins í því skyni að draga úr kostnaði, en nefndarmenn eru sammála um að þegar um hægist þurfi nefndin í heild eða undirnefnd að sinna því verkefni sérstaklega.

Þrátt fyrir að hækkun verðbótavísitölu 1. des. nemur 6.12%, en miðað er við 7.5% hækkun í fjárlagafrv., gerir meiri hl. fjvn. ekki tillögur um að gerð verði breyting á verðlagsforsendum við afgreiðslu frumvarpsins. Eru launaliðir af þessum orsökum 700 millj. kr. hærri og útgjöld vegna almannatrygginga 100 millj. kr. hærri en verðlagsgrundvöllur í desember gefur tilefni til.

Samkvæmt upplýsingum forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar, sem kom á fund fjvn. hinn 11. des., bendir endurskoðun áætlunar um óbreytta tekjustofna fjárlagafrv. til þess, að þeir skili ríkissjóði í heild um 1 500 millj. kr. lægri tekjum en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Í sambandi við setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem samþykkt voru í nóvemberlok s. l., var af hálfu ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir lækkun á heinni skattheimtu í ríkissjóð til að koma til móts við niðurfellingu 2% verðbóta á laun. Jafnframt var gert ráð fyrir að niðurfellingu 3% af verðbótavísitölu yrði mætt með félagslegum ráðstöfunum, sem að nokkru leyti kæmu til útgjalda hjá ríkissjóði á næsta ári. Þá var enn fremur ákveðið að auka niðurgreiðslur um sem nemur ½% af verðbótavísitölu umfram áætlun í fjárlagafrumvarpi.

Til að ná þeim markmiðum að lækka heina skatta frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., með breytingu á skattvísitölu og lækkun sjúkratryggingargjalds og að auka niðurgreiðslur, jafnframt því að tryggja stefnu fjárlagafrv. um hallalausan ríkisrekstur og niðurgreiðslur skulda, hafa nú verið flutt á Alþingi frumvörp sem varða tekjuhlíð fjárlaga. Verða við 3. umræðu fluttar af hálfu meiri hl. fjvn. breytingartillögur við tekjuhlíð fjárlagafrv. byggðar á þessum frumvörpum.

Vegna stjórnarskipta var frumvarp til fjárlaga ekki lagt fram á Alþingi fyrr en um mánaðamótin október—nóvember. Þar sem tíminn til afgreiðslu fjárlaga reynist jafnan knappur, þótt það sé lagt fram í upphafi þings, hóf fjvn. viðtöl við forstöðumenn ríkisstofnana þegar er nefndin hafði verið kosin. Nefndin hefur haldið 38 fundi auk fjölmargra funda í undirnefndum, sem hafa fjallað um einstaka þætti fjárlagafrv. Nefndinni hafa borist um 600 erindi og margir tugir aðila, forstöðumenn ríkisstofnana, sveitarstjórnarmenn og aðrir, hafa komið á fund nefndarinnar vegna umsókna um fjárveitingar.

Sú meginstefna ríkisstjórnarflokkanna að snúa við af braut hallarekstrar og skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabankanum veldur því, að flestum óskum um viðbótarútgjöld hefur orðið að hafna og mikilvægar framkvæmdir eru skertar að raungildi. Helst hefur verið reynt að mæta brýnustu þörfum á að framlög til félagslegra málefna rýrni ekki. Áður en unnt er að sinna óskum um auknar framkvæmdir í mikilvægustu málaflokkum er óhjákvæmilegt að tryggja eðlilegra ástand í efnahagsmálum en ríkt hefur að undanfögnu, draga úr óðaverðbólgu og bæta stöðu ríkissjóðs, en skuldasöfnun ríkissjóðs hin síðustu ár er ríkur þáttur í ófarnaðinum.

Fyrir 2. umræðu gerir nefndin tillögur um skiptingu svo til allra þátta verklegra framkvæmda. Málefni Orkusjóðs og Rafmagnsveitna ríkisins og annarra B-hluta-fyrirtækja bíða 3. umræðu og lánsfjáráætlunar. Enn fremur bíða 3. umræðu ýmsar útgjaldaákvæðanir varðandi félagslegar aðgerðir í sambandi við efnahagsráðstafanirnar 1. des. svo og málefni lánasjóðs námsmanna, styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar, styrktarfé og ýmis eftirlaun o. fl.

Nefndin stendur sameiginlega að flutningi breytingartillagna á þskj. 168, en minni hl. nefndarinnar hefur óbundnar hendur um einstakar brtt. og áskilur sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins eru þessar:

#### Forsætisráðuneytið 01.

- 101 Gjöf Jóns Sigurðssonar: Liðurinn hækki um 1 283 þús. kr. og verði 5 072 þús. kr. eða sem nemur árslaunum prófessors.

#### Menntamálaráðuneytið 02.

- 203 Raunvísindastofnun háskólans, Eðlisfræðistofa: Laun hækki um 4 253 þús. kr. vegna launa lausráðins sérfræðings og gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 15 600 þús. kr., hvort tveggja vegna rannsókna og þróunar á örtölvutækjum til nota við helstu atvinnuvegi þjóðarinnar.
- 206 Orðabók háskólans: Önnur rekstrargjöld hækki um 2 000 þús. kr. til að koma seðlasafni á „microfilmur“.
- 331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Nýr liður, gjaldfærður stofnkostnaður 10 000 þús. kr.
- 352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 2 000 þús. kr. og verði 15 000 þús. kr.
- 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Launaliðir hækki um 8 000 þús. kr. vegna öldungadeildar skólans. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki og um 23 000 þús. kr. og verði 63 000 þús. kr.
- 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 15 000 þús. kr. og verði 30 000 þús. kr.
- 506 Vélaskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 5 000 þús. kr. vegna tækjakaupa.
- 516 Iðnskólar almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 40 000 þús. kr. og verði 103 000 þús. kr. Skipting á einstaka skóla er birt í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.
- 610 Héraðsskólar, almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 13 000 þús. kr. og verði 182 000 þús. kr. Skipting á einstaka skóla er birt í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.
- 621 Skálholtsskóli: Gjaldfærður stofnkostnaður verði tekinn inn sem nýr liður, 3 000 þús. kr.
- 792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Liðurinn hækki um 353 500 þús. kr. og verði 1 979 500 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í breytingartillögum nefndarinnar.
- 793 Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn: Liðurinn hækki um 30 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í breytingartillögum nefndarinnar.
- 797 Stofnanir afbrigðilegra barna: Launaliður hækki um 2 500 þús. kr. vegna ráðningar tveggja sérkennara við Geðdeild Barnaspítala Hringinsins við Dalbraut, Reykjavík.
- 799 Heyrnleysingjaskólinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 5 000 þús. kr. vegna tækjakaupa og verði 6 000 þús. kr.
- 803 Dagvistarheimili: Liðurinn hækki um 130 000 þús. kr. og verði 360 000 þús. kr. Skipting á einstakar framkvæmdir er sýnd í breytingartillögum nefndarinnar.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög: Liðurinn Félagsstofnun stúdenta hækki um 10 000 þús. kr. og verði 29 000 þús. kr. — Liðnum Styrkir til útgáfustarfa mun skipt af fjárveitinganefnd.

- 902 Þjóðminjasafn Íslands: Liðurinn Til sveitarfélaga hækkar um 3 450 þús. kr. og verður 20 450 þús. kr. Lið þessum hefur verið skipt af nefndinni í samráði við þjóðminjavörð. Liður 02 999 0122 Til varðveislu gamals verslunarhúss á Flat-eyri hefur verið fluttur á þennan fjárlagalið.
- 982 Listir, framlög: Liðurinn hækki samtals um 40 150 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Leikfélag Reykjavíkur 7 000 þús. kr. Leikfélag Akureyrar 5 500 þús. kr. Leiklistarstarfsemi 11 000 þús. kr. Bandalag ísl. leikfélaga 1 000 þús. kr. Til höfundamiðstöðvar 600 þús. kr. Til lúðrasveita 250 þús. kr. Til annarrar tónlistarstarfsemi 1 000 þús. kr. Styrkir til myndlistarskóla 1 200 þús. kr. Til listasafna 500 þús. kr. Til myndlistarsýninga 100 þús. kr. Til listiðnaðarmála 50 þús. kr. Heiðurslaun listamanna 3 000 þús. kr. Listamannaun 7 000 þús. kr. Til listkynningar 200 þús. kr. Til Bandalags ísl. listamanna 50 þús. kr. Til lista og menningarmála almennt 1 700 þús. kr. Stjórnnefndu liðunum mun skipt af fjárveitinganefnd í samvinnu við menntamálaráðuneytið.
- 983 Ýmis vísindaleg starfsemi: Liðurinn Jöklarannsóknir og mælingar hækki um 200 þús. kr.
- 986 Íbróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækki um 6 000 þús. kr. — Til byggingar íþróttamannvirkja hækki um 75 000 þús. kr. og verði 322 640 þús. kr. Sundurliðun er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.
- 988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 15 900 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins hækki um 2 000 þús. kr. Æskulýðssamband Íslands sem til þessa hefur blotið styrk frá Æskulýðsráði fái 1 500 þús. kr. fjárveitingu. Ungmennafélag Íslands hækki um 9 000 þús. kr. Bandalag ísl. skáta hækki um 1 000 þús. kr. Bandalag ísl. skáta vegna Úlfliótsvatns hækki um 500 þús. kr. Íslenskir ungttemplarar hækki um 850 þús. kr. K.F.U.M. og K.F.U.K., starfsstyrkir hækki um 500 þús. kr. Starfsemi K.F.U.M. í Vatnaskógi hækki um 300 þús. kr. Starfsemi K.F.U.K. í Vindáshlíð hækki um 250 þús. kr.
- 989 Ýmis íbróttamál: Liðurinn Íþróttasamband Íslands hækki um 30 000 þús. kr. Til íþróttamála fatlaðra hækki um 1 500 þús. kr. sem skiptist á hin ýmsu félög á landinu í samráði við fjárveitinganefnd.
- 999 Ýmislegt: Yfirfærslur hækki alls um 9 415 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna um einstaka aðila hvað varðar hækkanir á framlögum, flutning á aðra liði og orðalagsbreytingar. Viðfangsefnið Ýmis framlög eru styrkir sem fjárveitinganefnd og menntamálaráðuneytið veita til einstaklinga og samtaka.

#### Utánríkisráðuneytið 03.

- 401 Liðurinn tillag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, lækki um 20 520 þús. kr., enda er það reiknað í íslenskum gjaldmiðli, en var ofreiknað í fjárlagafrumvarpi með álögðum gengismun. — Nýr liður verði tekinn upp Framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna 33 200 þús. kr.

#### Landbúnaðarráðuneytið 04.

- 241 Landnám ríkisins: Framlag til fyrirtækja í B-hluta 25 000 þús. kr., viðfangsefni: Til grænifóðurverksmiðja, verði tekið upp.
- 286 Landbúnaður, framlög: Liðurinn Fvrihleðslur hækki um 12 300 þús. kr. Liðurinn landþurrkun hækki um 2 700 þús. kr. og skiptast liðirnir eins og sýnt er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum.
- 299 Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála: Styrkir til Félagasamtakanna Landverndar hækki um 350 þús. kr.
- 502 Bændaskólinn á Hólum. Liðurinn viðhald hækki um 7 500.
- 504 Bændaskólinn í Odda. Liðurinn falli niður.

#### Sjávarútvegsráðuneytið 05.

- 101 Aðalskrifstofa: Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 3 000 þús. kr., en um vanáætlun var að ræða í tillögum ráðuneytisins til fjárlaga. Tekinn verði upp Gjaldfærður stofnkostnaður er nemi 3 000 þús. kr.
- 299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs: Viðfangsefnið Sjóvinnunámskeið hækki um 1 300 þús. kr., Til skólabáta um 1 500 þús. kr. og nýtt viðfangsefni: Fiskvinnsluvélanámskeið 2 500 þús. kr.

#### Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 06.

- 213 Sýslumaðurinn, Borgarnesi: Launaliður hækki um 4 253 þús. kr. vegna launa fulltrúa við yfirstjórn embættisins.
- 301 Þjóðkirkjan: Viðfangsefnið Til dómprófastsembættisins í Reykjavík hækki um 500 þús. kr. vegna launa aðstoðarmanns.

#### Félagsmálaráðuneytið 07.

- 271 Húsnæðismálastofnun ríkisins: Tekin verði upp nýr liður: Til einstaklinga og samtaka vegna viðfangsefnisins Byggingarþjónusta Ariktektafélags Íslands 3 000 þús. kr.
- 302 Embætti ríkissáttasemjara: Liðurinn lækki um alls 12 819 þús. kr., þ. e. laun um 10 872 þús. kr. vegna fulltrúa og skrifstofumanns allt árið og launa ríkissáttasemjara hálf árið og önnur rekstrargjöld um 1 947 þús. kr.
- 999 Ýmis framlög: Liðurinn hækki alls um 25 870 þús. kr. og einstakir liðir sem hér segir í þús. kr.: Félagið Heyrnarhjálp 500. Mæðrastyrksnefndir 270. Slysavarnarfélag Íslands 10 000. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra verði 10 500, en niður falli Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, eldspýtnagjald og liður IX. í 6. gr. frumvarpsins sem á við þennan lið. Neytendasamtökin hækki um 500. Upp verði tekið viðfangsefnið Leigjendasamtökin 200. Til sjómannastofa hækki um 1 500. Öryrkjabandalag Íslands hækki um 700, Ferlinefnd fatlaðra um 300, Blindrafélagið um 1 500, Sjálfsbjörg, landssamband lamaðra og fatlaðra, byggingarstyrkur, hækki um 3 500. Landssamtökin þroskahjálp hækki um 500. Nýr liður: Styrktarfélag vangefinna vegna norræns móts á Íslandi 1979 600. Foreldrasamtök barna með sérþarfir hækki um 200. Nýr liður: Íslensk réttarvernd 500.

#### Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 08.

- 371 Landspítalinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 168 000 þús. kr. vegna Geðdeildar spítalans.
- 381 Til sjúkrahúsa og læknisbústaða: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, liðurinn hækki alls um 387 000 þús. kr. skv. sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar. Liðurinn 0310 Grensásdeild Borgarspítala, til byggingar endurhæfingarundlaugar, sem er í fjárlagafrumvarpi sem sérstakt viðfangsefni, er felldur undir þennan lið.
- 339 Ýmis heilbrigðismál: Liðurinn hækki alls um 49 500 þús. kr. vegna eftirtalinna viðfangsefna: Hjartavernd um 10 000 þús. kr., Krabbameinsfélag Íslands um 12 500 þús. kr. Kostnaður skv. farsóttar- og sóttvarnarlögum hækki um 20 000 þús. kr., Sjúkraflug um 4 500 þús. kr. Nýr liður: Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar læknis 2 500 þús. kr., þessi liður var í fjárlögum 1978.
- 481 Bindindisstarfsemi: Liðurinn hækki um 3 100 þús. kr. Áfengisvarnir hækki um 2 500 þús. kr. Templarahöllin, byggingarstyrkur, falli niður. Stórstúka Íslands hækki um 1 500 þús. kr.

**Fjármálaráðuneytið 09.**

- 999 Ýmislegt: Liðurinn Lífeyrissjóður bænda hækki um 70 000 þús. kr. Viðfangsefni 0122 breyti um heiti og verði Til eftirlauna aldraðra félaga í stéttarfélögum skv. lögum nr. 63/1971 og hækki um 51 500 þús. kr. — Taka ber fram að prentvilla er í fjárlagafrumvarpi í viðfangsefni 0141 Óviss útgjöld. Skal þar standa 160 000 þús. kr., en það breytir ekki heildartölu liðarins.

**Samgönguráðuneytið 10.**

- 211 Vegagerð: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 327 000 þús. kr. vegna nýbyggingar vega og brúa.
- 333 Hafnamál. Hafnarmannvirki og lendingabætur: Framlög hækki um 372 400 þús. kr. Ferjubryggjur: Framlög hækki um 8 900 þús. kr. Sjóvarnargarðar: Framlög hækki um 18 700 þús. kr. Sérstök yfirlit í breytingartillögum nefndarinnar sýna skiptingu á þessum liðum. Hafnarbótasjóður hækki um 44 700 þús. kr.
- 481 Flugbjörgunarsveitir, framlög: Liðurinn hækki um 400 þús. kr.

**Iðnaðarráðuneytið 11.**

- 201 Iðntæknistofnun Íslands: Gert er ráð fyrir að þessi stofnun, sem varð til við samruna Iðnþróunarstofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar iðnaðarins, fái fjölgun starfsmanna um þrjá sem munu annast færslur og almenna tækni- og rekstrarráðgjöf. Er lagt til að laun hækki vegna þessa um 15 781 þús. kr.
- 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: Lagt er til að nýr liður: 94 Til einstaklinga og samtaka 3 000 þús. kr., verði tekinn upp vegna viðfangsefnisins Byggingaþjónusta Arkitektafélags Íslands.

**Viðskiptaráðuneytið 12.**

- 201 Niðurgreiðslur á vöruverði: Liðurinn hækki um 865 900 þús. kr. þar af eru 115 900 þús. kr. ætlaðar sem mótframlag til Lífeyrissjóðs bænda.

**Hagstofa Íslands 13.**

- 101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa: Lagt er til að launaliður hækki um 20 000 þús. kr. vegna sérstakrar endurskoðunar á vísitölugrunninum.

**6. gr.**

Liður IX. Að heimila Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða allt að 20 aurum af hverjum seldum eldspýtustokk til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, fellur niður. Sjá athugasemdir við lið 07 999.

Alþingi, 15. des. 1978.

Geir Gunnarsson,  
form., frsm.

Helgi F. Seljan.

Þórarinn Sigurjónsson.

Bragi Sigurjónsson,  
fundaskr.,  
með fyrirvara.

Alexander Stefánsson.

Sighvatur Björgvinsson,  
með fyrirvara.

### Fyrirvari fulltrúa Alþýðuflokksins.

Fulltrúar Alþýðuflokksins í fjárveitinganefnd hafa tekið fullan þátt í störfum nefndarinnar og undirbúningi tillögugerðar til annarrar umræðu og eru aðilar að þeim ákvörðunum, sem nefndin hefur tekið í því sambandi. Fulltrúar Alþýðuflokksins eru að sjálfsögðu aðilar að því meirihlutasamstarfi, sem er í fjárveitinganefnd, og bera því jafna ábyrgð öðrum meirihlutamönnum í fjárveitinganefnd á þeim ákvörðunum, sem meiri hlutinn hefur lagt til að teknar yrðu.

Eins og fram hefur komið á Alþingi hefur Alþýðuflokkurinn nú kynnt ríkisstjórninni tillögur sínar í frumvarpi til laga um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu. Segir í samþykkt flokksstjórnar Alþýðuflokksins um frumvarpið, að flokksstjórnin leggi áherslu á, að núverandi stjórnarflokkar afgreiði þær tillögur áður en fjárlagafrumvarp og lánsfjáráætlun verða afgreidd. Eru þessi mál nú til umfjöllunar í ríkisstjórninni, en tillögur Alþýðuflokksins í umræddu frumvarpi eru byggðar á greinargerð með frumvarpi til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem ríkisstjórnin bar fram á Alþingi nú í haust, en þá greinargerð ber að skoða sem almenna stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á næsta ári.

Við, fulltrúar Alþýðuflokksins í fjárveitinganefnd, hefðum kosið, að unnt hefði verið að geyma 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið um skeið á meðan ríkisstjórnin og flokkar hennar fjalla um tillögu Alþýðuflokksins í efnahagsmálum, þannig að afgreiðsla ríkisstjórnarinnar hefði getað mótað fjárlagagerðina þegar við 2. umræðu. Á því er hins vegar ekki kostur sökum tímaskorts, enda ber á það að líta, að afgreiðsla fjárlaga og endanleg afstaða til þeirrar stefnumörkunar, sem í þeim felst, fer ekki fram fyrir en við atkvæðagreiðslu í lok 3. umræðu um fjárlagafrumvarpið. Fulltrúar Alþýðuflokksins í fjárveitinganefnd vilja ekki standa í vegi fyrir því, að 2. umræða geti farið fram, og koma þannig í veg fyrir, að þær tillögur fjárveitinganefndar, sem þegar hafa verið samþykktar til 2. umræðu, geti fengið þinglega meðferð. Hins vegar er ljóst, að sumar þær afgreiðslur, sem tillaga hefur verið gerð um, þarfnast endurskoðunar varðandi meðferð tillagna Alþýðuflokksins um ríkisfjármál o. fl., sem eru til meðferðar í ríkisstjórninni.

Alþingi, 15. des. 1978.

Sighvatur Björgvinsson,

Bragi Sigurjónsson.